



Kópaskeri, 3. mars 2006

**Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK**

Með bréfi dagsettu 16. febrúar 2006 er leitað eftir umsögn sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2006—2009, 391. mál.

Tillaga um stefnumótandi byggðaáætlun er að mörgu leyti jákvæð og áhugaverð lesning og vonandi verður henni fylgt eftir af fullum þunga á næstu misserum og árum.

Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps bendir á að stuðningur landshlutakjarnanna Akureyrar, Ísafjarðar og Miðausturlands gagnast íbúum Þingeyjarsýslna lítt og Norður-Þingeyingum jafnvel ekkert. Það er því brýnt að taka sérstaklega á málum þeirra svæða sem fjærst eru ofantöldum landshlutakjörnum og ber að skoða eftirfarandi athugasemdir í því ljósi. Athugasemdirnar eru eftirfarandi:

Tillagan – aðgerðir - bls. 7

Þar segir m.a.:

“... leggja fram allt að 2,4 milljarða kr. á næstu árum í fjárhagslegan stuðning við sameiningu sveitarfélaga í samræmi við reglur Jöfnunarsjóðs. Ekki er á þessu stigi ljóst hver endanleg fjárþörf verður vegna þessa en í ljósi niðurstöðu sameiningarkosninga 8. október sl. má reikna með að hún verði umtalsvert minni en áætlað var.”

Full ástæða er til að mótmæla þessu og benda á að nær væri að Jöfnunarsjóður kæmi myndarlega að málum þar sem árangur hefur náðst í sameiningu, þannig að sveitarfélögin nái árangri sem eftir verður tekið, við að byggja upp sterka stjórnsýslu, góða þjónustu fyrir þegna sína og aðlaðandi ímynd sveitarfélaganna. Af mörgum verkefnum er taka og ljóst þykir að sameining þeirra fjögurra sveitarfélaga sem að lokum samþykktu hana er afar yfirgripsmikið verkefni og farnist því vel er víst að það megi nota sem forskrift af sameiningum á dreifbýlum landsvæðum á Íslandi.



Tillagan – aðgerðir - 7. liður – bls. 11

Rétt er að benda á að það ferli sem lagt er til hér er ágætt en of seinlegt eitt og sér hvað varðar byggðarlög þar sem fólksfækkun hefur verið viðvarandi. Við greinina þarf að bæta eftirfarandi:

“...og greindir möguleikar til eflingar byggðarlaganna. Rétt er að leggja áherslu á aukna nýsköpun án tafar með því að styrkja atvinnuþróunarfélög á þessum svæðum verulega.

Athugasemdir – áherslur – 2. Aukin nýsköpunar- og atvinnuþróunarstarfsemi – bls. 5

Í greininni segir:

“Þá skal haldið áfram stuðningi við atvinnuþróun á landsbyggðinni”.

Þetta er ekki í samræmi við yfirskrift 2. liðar og ætti fremur að hljóða svo:

“Þá skal atvinnuþróun efla til muna á landsbyggðinni, einkum í þeim byggðarlögum sem glímt hafa við viðvarandi fólksfækkun”.

Kafli 2.6. Landshlutar – Þingeyjarsýslur – bls. 49

Eftir að hafa lesið kaflann um Norður-Þingeyjarsýslu má draga þá ályktun að farsælast væri fyrir landsmenn að byggð leggjðist af þar hið snarasta! Í raun er þessi kafli 2.6. um Norður Þingeyjarsýslu bráðónýtur og í honum óskiljanleg neikvæðni sem hlýtur að byggja á vanþekkingu á héraðinu.

Af hverju er t.d. eingöngu hægt að sjá fyrir sér árstíðabundna ferðaþjónustu og af hverju er ekki hægt að nýta nálægð við Vatnajökulshjóðgarð á þessu svæði eins og orðað er í kaflanum að hægt sé í Mývatnssveit? Það er alls ekki hægt að samþykkja að ferðaþjónusta sé slegin af af hálfu ríkisins með því að orða hlutina svona. Þessi landshluti á síst minni möguleika á ferðaþjónustu árið um kring en aðrir, sé vilji stjórnvalda fyrir hendi varðandi það að efla samgöngur í lofti og á landi inn á svæðið, vekja athygli á margháttadri sérstöðu þess og aðstoða við hvers konar markaðssetningu þar að lútandi. Verði af áformum um stofnun Vatnajökulshjóðgarðs mun það án efa stórauka fjölda ferðamanna til landshlutans og eru möguleikarnir í þeim efnum óþrjótandi, þótt ekki myndi annað gerast en að núverandi þjóðgarður í Jökulsárgljúfrum myndi losna úr þeirri fjárhagslega sveltí sem hann býr við nú af hálfu stjórnvalda, og sem vert er að benda sérstaklega á við þetta tækifæri.

Atvinnulíf í Norður-Þingeyjarsýslu er ekkert einhæfara en þekkest annarsstaðar á landsbyggðinni, sé tekið tillit til hve strjálbýlt það er. Landbúnaður og sjávarútvegur og þjónusta við þessar greinar skipa langstærstan sess, en víða leynast tækifæri, ekki hvað síst í nýtingu jarðhita. Möguleikar á nýtingu jarðhita í Öxarfirði hafa alls ekki verið kannaðir til fulls og reyndar hefur nánast ekkert fjármagn komið frá ríkisvaldinu undanfarin ár til þess að rannsaka svæðið eins og nauðsynlegt þykir. Það sem greinir



Þetta svæði að frá öðrum er að það er fámennt miðað við stærð, þ.e.a.s. dreifbýlt en á móti kemur að náttúrufarið er fjölbreytt og stórbrotið. Án efa má vekja á því athygli og fá ferðamenn þangað og má benda á langa og sérstaka strandlengju með tilheyrandi náttúrufari. Má vitna til reynslu Lappa hvað það varðar sem hafa markaðssett sína sérstöku náttúru; myrkrið, snjóinn, norðurljósinn og önnur einkenni norðursins og þangað koma nú þrjár milljónir ferðamanna, flestir í mesta skammdeginu.

Í kaflanum segir að samgöngur séu erfiðar. Spurt er; hvar á Íslandi eru samgöngur auðveldar? Eru samgöngur taldar góðar t.d. á Reykjavíkursvæðinu þar sem umferð er það mikil að meðalhraði er langt undir leyfilegum hámarkshraða og langar biðraðist myndast við smávægilegar hindranir? Samgöngur eru aðeins erfiðar þar sem ekki hefur verið sett nauðsynlegt fé í vegabætur, en það hefur verið gert í flestum landshlutum nema hér. Ekki einusinni er nýbyggingu vega sinnt, heldur eru núverandi vegir að drabbast niður vegna almenns viðhaldsleysis, og á það við um þjóðveg 85 sem og alla tengivegi og safnvegi í Norður Þingeyjarsýslu. Það á kanski helst við að sveitarstjórnir hafi verið erfiðar alþingismönnum þegar kemur að samgöngumálum. Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps hefur hvað eftir annað ritað erindi vegna þess og þá fyrst og fremst vegna 12 km vegaspotta sem er þeim sem til þekkja og um ferðast daglega ótrúlega leiðinleg og mikil hindrun. Hvað eftir annað hefur verið bent á þetta og hvað eftir annað hafa verið gefin fyrirheit sem jafnharðan eru dregin til baka og virðast aldrei ætla að verða að raunveruleika. Gaman hefði verið ef fast hefði verið kveðið á um slíkar samgöngubætur í nýrri Byggðaáætlun; - án efa víðar en í Norður-Þingeyjarsýslu. Þessi klausa um erfiðar samgöngur á sér því skýringar, en landfræðilega og veðurfarslega er ekkert erfiðara að ferðast um í Norður-Þingeyjarsýslum en annarsstaðar á landinu. Ekki er veðrið verra, né snjóalög meiri á þessum slóðum en t.d. í Eyjafirði, á Héraði eða Mývatnssveit, nema síður sé, og varla getur landið verið verra til vegagerðar en þekkist annarsstaðar!

Þetta þarf að koma skýrt fram eigi að tína til hversu erfitt lífið sé á þessum slóðum; ástæðan er aðgerðarleysi stjórnvalda í málefnum sem aðeins ríkið hefur haft bolmagn til að hreyfa við til margra ára og ekkert útlit fyrir að það breytist miðað við hvað kemur fram í þesari ágætu byggðaáætlun. Rétt er að undirstrika að nú hafa öll sveitarfélög við Öxarfjörð sameinast og auk þess Húsavík og fyrrum Reykjahverfi. Forsenda þess að þessi sameining með tilheyrandi þjónustu og félagslegri samkennd eru greiðar samgöngur. Núverandi texta þarf að skipta alveg út og væri nær að hann hljómi eitthvað á þessa leið:

“Í Norður-Þingeyjarsýslu hefur íbúum fækkað mikið undanfarin ár en þeirri þróun má breyta á fáum árum með atvinnusköpun og nýjum tækifærum. Möguleikar í ferðaþjónustu er gríðamiklir. Samgöngurþarf að bæta með eðlilegu viðhaldi vega og reglubundnum nýbyggingum. Sameining sveitarfélaga í stóru héraði undirstrikar nauðsyn þessa. Vegalengdir eru langar en um falleg svæði er að fara. Atvinnulíf er í föstum skorðum og tekjur undir landsmeðaltali en með aukningu á sölu lambakjöts gæti það breyst á örfáum árum. Á svæðinu eru frábær skilyrði til sauðfjárræktar og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum gefur fjölmörg tækifæri til ferðaþjónustu allt árið um kring. Nálægð við fyrirhugaðan Vatnajökulsþjóðgarð mun skapa aukin tækifæri í greininni, enda verði samgöngum sinnt þar að lútandi. Gljúfrastofu í Ásbyrgi þarf að



ÖXARFJARÐARHREPPUR

byggja sem fyrst. Margt bendir til að jarðhitasvæðin í Öxarfirði séu mjög vatnsgæf og því er nauðsynlegt að rannsaka þau frekar með nýtingu til atvinnusköpunar í huga, s.s. fiskeldi og rafmagnsframleiðslu. Á Þórshöfn ... osv.frv..."

Þegar þetta er skrifað er ljóst að ákvörðun um staðarval álvers á Norðurlandi hefur verið tekin. Verði af byggingu álvers ALCOA á Húsavík mun það breyta gríðarlega miklu fyrir svæðið, haldi heimamenn og ráðamenn rétt á spilunum. Langur tími er þó þangað til að framkvæmdir hefjist, ef af verður, og þangað til þarf að treysta alla vefi atvinnulífsins á svæðinu öllu því ekki getur talist eðlilegt að atvinnulífið treysti allt á hugsanlega byggingu álvers og framkvæmdir tengdar því. Samgöngur og fjarskipti verður án efa að bæta sem fyrst á svæðinu öllu, það er forsenda þess að atvinnulífið í Norður Þingeyjarsýslu sé samkeppnishæft á landsvísu.

Að lokum er ekki hjá því komist að benda á að tími sem sveitarstjórnnum er gefinn til umsagnar um Byggðaáætlun er mjög knappur, sé virkilega gert ráð fyrir því að eitthvað heyrir frá þeim á þessu stigi málsins. Vonandi verður unnið að því í framtíðinni að ætla umsagnaraðilum lengri tíma en nú er gefinn.

Virðingarfyllst og með von um góð viðbrögð,

f.h. sveitarstjórnar Öxarfjarðarhrepps,

Elvar Árni Lund, sveitarstjóri